



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2023

DANS2DL05

Daglegt Líf

Kennarar:	Sigríður Sigurðardóttir (SGS) sigridurs@fsu.is Sólveig Sigmarsdóttir (SOS) solveigsigmarsdottir@fsu.is
-----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að byggja grunn í tungumálinu. Efni áfangans fjallar um daglegt líf og markmiðið er að styrkja alla færniþætti tungumálsins.

Tal: Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tala einfalda dönsku, tvö og tvö saman eða með kennara.

Hlustun: Nemendur vinna með hlustun sem tengist þeirra áhugasviði og daglegu lífi.

Ritun: Nemendur skrifa stutta texta eins og t.d. persónuleg bréf, nota nútíð og þátíð.

Orðaforði: Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við námsefnið.

Lestur: Nemendur lesa smásögur og ýmiss konar texta af veraldarvefnum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarmarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnþáttum í ritun á dönsku
- daglegu lífi ungs fólks í Danmörku
- stuttum textum sem fjalla um kunnuglegt efni
- orðaforða sem tengist áhugasviði og daglegu lífi
- einföldu daglegu talmáli um kunnuglegt efni

Leikni markmið við lok áfangans eru að nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota viðeigandi hjálpargögn og upplýsingatækni
- svara spurningum skriflega og skrifa stutta texta í samfelldu máli um efni sem hann hefur áhuga á eða þekkir til
- beita orðaforða á skýran og réttan hátt
- svara spurningum munnlega og taka þátt í einföldum samræðum um kunnuglegt efni
- skilja talað mál þegar talað er skýrt um kunnuglegt efni
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði og beita viðeigandi lestraraðferðum hverju sinni

Hæfnimarkmið við lok áfangans eru að nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og skilja aðalatriði ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum greinum og draga ályktanir af því sem hann les
- tjá skoðun sína
- lesa einfaldan skáldskap sér til ánægju
- miðla eigin skoðunum og tilfinningum skrifa stutta samantekt, t.d. frá grein eða frétt af veraldarvefnum.

Námsefni:

- **Efni af veraldarvefnum**
- Skáldsaga: **Trælkvindens søn**
- Smásögur: **Pip i papkassen og Gnist**
- **Fjölmiðlar: Danmarks Radio**

Áfanginn er án lokaprófs

Námsmat er fjölbreytt og fer eftir viðfangsefni hverju sinni. Námsmatið nær til allra færniþátta tungumálsins þ.e. Lesturs og lesskilnings, hlustunar, ritunar og talaðs máls. Flest verkefni eru metin til námsmats.

Námsmat

Námsþáttur	Fjöldi verkefna /prófa	Vægi
Ritun	3	15%
Munnlegt	2	20%
Hlustunarpróf	2	15%

Trælkvindens sön	2	10%
Smásögur	5	30%
Virgni og vinnubrögð	Mæting, verkefnaskil, þátttaka í tímum	10%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.-4.	18.ág. -10.sept.	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst fim. 18.ágúst. - Námsáætlun áfangans kynnt. - Vinna með orðabók, fara í helstu málfræðiatríði, sjónvarpsefni, Pip i papkassen (smásögur), ritun. 	Ritun 1 Smásögupróf 1-2 Hlustun
5.-8.	11.sept. – 8. okt.	<ul style="list-style-type: none"> - Sjónvarpsefni. - Pip i papkassen (smásögur). - Munnleg verkefni. - Ritun. 	Ritun 2 Smásögupróf 3-4
9.-13.	9.okt. – 5. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> - Pip i papkassen (smásögur). - Gnist (smásögur). - Trælkvindens sön. - Sjónvarpsefni og ritun. Haustfrí 12-13.okt. Valdagur 18.okt. Miðannarmat 20.okt.	Ritun 3 Hlustunarpróf 1 Munnlegt próf 1 Trælkvindens sön – próf 1
14.-16.	6.nóv. - 3.des.	<ul style="list-style-type: none"> - Trælkvindens sön. - Gnist (smásögur). - Sjónvarpsefni. - Hlustun 	Smásögupróf. Hlustunarpróf 2 Trælkvindens sön Próf 2

19.-22.	4.des. – 21.des.	<ul style="list-style-type: none">- Gnist (smásögur).- Sjónvarpsefni og ritun.- Trælkvindens søn.- Síðasti kennsludagur miðvikudagur 6.des.	Munnlegt próf 2
---------	------------------	--	-----------------

Sérreglur áfangans: Nemendur þurfa að taka próf í öllum færniþáttum tungumálsins (ritun, lesskilningi, hlustun og munnlegt) til þess að ná áfanganum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Yfirferð námsefnis getur verið breytileg milli hópa.

Selfossi, ágúst 2023

Sigríður Sigðurðardóttir

Sólveig Sigmarsdóttir